

Ad, 3/5 7.40

Enn um H. G. Wells og alda-skiftin

Síðasta bók þessa mikla rit-skörungs heitir „The New World Order“: Hið nýja heims-skipulag. Jeg gæti ímyndað mjer að V. P. G. eða Sigurð Einarsson mundi langa til að segja útvarpshlustendum eitt-hvað af bók þessari. En það, sem jeg vildi vekja athygli á er það, hversu eindregið H. G. Wells er á sömu skoðun og jeg um þýðingu þeirra tímamóta í mannkynssögunni, sem nú eru. Aldarfarið er að bráðbreytast segir Wells (s. 17—18) og svo getur farið að mannkynið líði undir lok eftir hinar ógurleg-ustu hörmungar. Og hann var- ar með mikilli áherslu við að láta sjer koma til hugar, að hjer sje aðeins um eitthvert orða- glamur að ræða frá hans hendi. „Þessi veröld vor er að fara í mola“ segir hann (s. 28), og aftur og aftur kemur greini- lega fram í bókinni hversu ríkt

honum er í hug að fá menn til að skilja, að vjer lífum á úrslitatímamótum. Jeg ætla ekki að fara að segja frá því hver ráð Wells telur líklegust til að bjarga mannkyninu — er þar margt ágætlega sagt, og bókin yfirleitt rituð af þeirri hug- kvæmni og því mælskufjöri, sem einkennir þenna rithöfund og lesendur hafa nú svo alment áttað sig á, að bók þessi hefir verið tvíendurprentuð í sama mánuðinum sem hún kom út (jan. þ. á.). Jeg ætla aðeins að segja, að jeg hygg að ráðin muni ekki duga. Það verður að finna eitthvað, sem vekur meiri áhuga og samhuga um alla jörð en nokkuð sem áður hefir fram komið. Wells hefir fyrir löngu og af hinni ágætustu andagift sagt frá því í skáldsögunni Halastjörnudagar (In the Days of the Comet) hvernig mann- kynið fyrir heimsatburð hefst á það stig vits og taugastyrks, að það getur farið að koma á hinu nauðsynlega framfara- skipulagi. Dálítið víðtækara yf- irlit yfir sögu heimsins en áður hefir til verið, gerir augljóst, að í sögu hvers hnattar þar sem lífið hefir hafist af slíkri byrjun sem hjer á jörðu, hlýtur að reka að þeim tímamótum, að annað hvort líði undir lok sú menning sem áunnist hefir, og mannkyn- ið sjálft, eða að mennirnir átti sig á afstöðu sinni í lífheimi og nauðsyn sambandsins við full-

komnari lífstöðvar og þaðan
hefjist svo öflugra, glæsilegra
og að öllu fullkomnara líf á
þeim hnetti en jafnvel hinir
allra snjöllustu sem í stórkost-
legum skáldsögum höfðu reynt
til að lýsa framtíð mannkynsins
— eins og Macmillan Brown og
H. G. Wells — höfðu nokkurn
tíma látið sig dreyma um.

5. maí.

Helgi Pjeturss.

Best að auglýsa
í Morgunblaðinu.

Vansta Hóll Hásk. Manns
3 bl. vísari. Vísar 5. 7-4